

Rammagrein VIII-1

Grunnskipti vísitölu neysluverðs

Hagstofa Íslands endurskoðar árlega grunn vísitölu neysluverðs í því skyni að vísitalan endurspegli vel breytingar í neyslumynstri, útgjöldum og innkaupum neytenda. Grunnurinn var síðast endurskoðaður í mars sl. Byggt er á könnunum á útgjöldum heimilanna sem gerðar eru samfelld og eru niðurstöður kannana þriggja ára lagðar til grundvallar, í þetta sinn árin 2002-2004.¹ Í hvert skipti sem grunnurinn er endurnýjaður eru niðurstöður eins árs felldar út og næsta ári bætt við í staðinn.

Helstu breytingar á vægi undirþátta

Við grunnskiptin breytist vægi ýmissa undirþátta. Miklar breytingar geta haft talsverð áhrif á mælda verðbreytingu, einkum ef verð þeirra sveiflast mikið. Breytingar á gengi krónunnar geta haft áhrif á vægi einstakra þátta. Til dæmis olli hátt gengi krónu undanfarin ár því að vægi innfluttrar vöru í útgjöldum heimila jókst. Aukið vægi innfluttrar vöru í grunni vísitölu neysluverðs eftir grunnskiptin eykur svo áhrif gengislækkunar krónunnar.

Helstu breytingar á hlutfallslegri skiptingu liða í mars 2006 voru þessar:²

- Vægi matvæla og drykkjarvöru lækkaði úr 14,2% í 13,3%.
- Vægi reiknaðrar húsaleigu lækkaði úr 17,2% í 16,8%.
- Vægi bifreiða hækkaði úr 3,4% í 5,9%.
- Vægi bensíns og olíu hækkaði úr 4,9% í 6,3%.
- Vægi tómsunda og menningar lækkaði úr 12,4% í 11,7%.
- Vægi innlendrar vöru lækkaði úr 15,8% í 14,4%.
- Vægi innfluttrar vöru hækkaði úr 30,5% í 34,1%.
- Vægi dagvöru lækkaði úr 16,4% í 15,2%.

Mesta breytingin varð á undirþættinum „ferðir og flutningar“ sem inniheldur m.a. kaup og rekstur ökutækja, viðhald, bensín og olíur. Vægi hans jókst úr 13,1% í 16,9%. Innflutningur bíla var mjög mikill á meðan gengi krónunnar var hátt og heimilin nýttu sér þetta tækifæri til bifreiðakaupa. Vægi bifreiðakostnaðar í útgjöldum eykst því mikið þegar niðurstöðum kannana sem gerðar voru á árinu 2004 er bætt við. Innflutningur bíla var hins vegar lítil á árinu 2001, sem er árið sem féll út við grunnskiptin í mars. Útgjöld heimila til kaupa á eldsneyti hafa einnig aukist til muna.

Undirþátturinn „húsnæði, hiti og rafmagn“ sem inniheldur reiknaða og greidda húsaleigu ásamt viðhaldi og viðgerðum á húsnæði lækkaði úr 27,2% í 26,4%. Þar vó mest ofangreind lækkun á vægi eigin húsnæðis. Hér virðist lækkun fjármagnskostnaðar og greiðslubyrði heimila á ofangreindu tímabili vega þyngra en hækking húsnæðisverðs á árinu 2004.

Gengisþróun og grunnskipti næstu ára

Vægi innfluttrar vöru í útgjöldum jókst árið 2004 sökum hás gengis krónunnar. Þetta aukna vægi eykur áhrif gengislækkunar krónunnar á vísitölu neysluverðs á þessu ári. Líklega verður enn meiri hækking á vægi innfluttrar vöru við næstu grunnskipti þegar niðurstöðum frá árinu 2005 er bætt við grunninn, en það var metár í innflutningi bifreiða og annarrar neysluvöru. Þriðjung vaxtar einkaneyslu á síðustu þremur árum má rekja til aukins innflutnings og sölu nýrra bíla, enda jókst nýskráning bifreiða um 57% árið 2005. Því má vænta frekari breytinga þegar árin 2003-2005 mynda grunninn. Áhrifa nýlegrar gengislækkunar krónunnar á samsetningu útgjalda og mögulegs

1. Endurskoðun á vog fyrir dagvöru miðast við niðurstöður árána 2003-2005.

2. Samanburður hér miðast við eldri og nýjan grunn á sama verðlagi, þ.e. vogir fyrir 2005 hafa verið uppfærðar m.v. verðbreytingar liðins árs.

samdráttar í einkaneyslu mun hins vegar líklega ekki gæta verulega fyrr en við grunnskiptin árið 2008. Á mynd VIII-5 í megintextanum má sjá þróun gengisvísitölu fyrir vöruinnflutning og verðlag innfluttrar vöru síðan í mars 1997.

Af öðrum líklegum breytingum má nefna að hækkun bensínverðs undanfarna mánuði mun væntanlega leiða til aukinna útgjalda heimila á þessu ári sem koma munu fram við þar næstu grunnskipti. Þá mun hækkun húsnæðisverðs á árinu 2005 og aukinn fjármagnskostnaður líklega leiða til þess að vægi eigin húsnæðis eykst á ný við næstu og þar næstu grunnskipti.

Tími verðsöfnunar

Hagstofan áformar að flytja verðkannanir vegna vísitölu neysluverðs fram undir miðjan mánuð í stað þess að gera þær tvo fyrstu daga hvers mánaðar. Þessi ákvörðun er tekin í kjölfar þess að Evrópusambandið samþykkti hinn 25. apríl sl. reglugerð nr. 6998/06 um samræmdan tíma verðsöfnunar fyrir samræmda vísitölu neysluverðs (HICP). Þessi reglugerð er einungis bindandi fyrir Ísland að því er varðar samræmdu neysluverðsvísitöluna en óhagkvæmt er að vera með tvöfalda verðsöfnun. Breytingin mun koma til framkvæmda þegar löggin taka gildi í janúar 2008. Frá þeim tíma mun verðsöfnun fara fram í a.m.k. viku um miðbik hvers mánaðar.